

Bara pláss? Fagmennska og gæði í leikskólastarfi

Anna Magnea Hreinsdóttir, Sara Margrét Ólafsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir



Leikskólinn gegnir lykilhlutverki í íslensku menntakerfi sem fyrsta skólastigið og er mikilvægur vettvangur fyrir nám, vellíðan og félagslega þátttöku barna. Samhliða sterkri stöðu leikskólastigsins og víðtækri þátttöku barna hefur þó opinber umræða á undanförunum árum einkenst af áskorunum sem snúa að mönnun, skipulagi og aðgengi. Slík umræða dregur oft fram skort og álag, en gefur jafnframt tilefni til að staldra við og spyrja spurninga um gæði, fagmennsku og hlutverk leikskólans í samfélaginu. Í þessari grein er leitast við að draga fram heildstæða mynd af leikskólastarfi á Íslandi. Fjallað er um stefnumótun, lagaramma og hugmyndafræði sem móta starfið, en jafnframt um þá spennu sem getur myndast milli metnaðarfullrar stefnu og aðstæðna í daglegu starfi. Sérstök áhersla er lögð á að varpa ljósi á gildi leikskólans sem menntastofnunar og mikilvægi þess að efla fagmennsku og gæði samhliða áframhaldandi þróun kerfisins.

Stefnumótun og rammi

Ísland er meðal þeirra ríkja innan OECD sem verja hlutfallslega miklum fjármunum til leikskólastigsins (OECD, 2018, 2025, 2025a). Hér hafa því skapast góðar aðstæður fyrir víðtæka þátttöku barna í leikskólastarfi. Leikskólinn er talinn mikilvægur vettvangur til að stuðla að jöfnuði og inngildingum og því þarf að tryggja öllum börnum gott aðgengi að leikskólum óháð félagslegum eða menningarlegum bakgrunni (European Commission / EACEA / Eurydice, 2025). Rannsóknir undirstrika að fagmennska starfsfólks, menntun þess og starfsskilyrði hafi afgerandi áhrif á gæði, ásamt skýrri og heildstæðri stefnumótun

(OECD, 2018; UNESCO, 2015, 2022). Þá er einnig lögð rík áhersla á samfellu í námi og virkt samstarf við foreldra sem lykilþætti í að styðja við vellíðan og nám barna.

Leikskólinn hefur skýra stöðu í íslensku menntakerfi samkvæmt lögum um leikskóla, þar sem kveðið er á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Með því er viðurkennt að formlegt nám barna hefjist í leikskóla og að leikskólastarf sé hluti af samfelldu menntakerfi. Í lögnum er megináhersla lögð á vellíðan barna, leik, lýðræði og virka þátttöku þeirra í daglegu starfi sem er í samræmi við norræna menntunarhefð. Jafnframt taka lögini mið af réttindum og velferð barna í víðara samhengi, meðal annars með skýrri tengingu við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem lögð er áhersla á rétt barna til menntunar, þátttöku og verndar (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Leikskólastarf hér á landi er rammað inn af tiltölulega fáum reglugerðum sem veita talsvert svigrúm og traust er borið til fagfólks. Samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla skulu ákvarðanir um húsnæði og fjölda barna byggjast á faglegum sjónarmiðum og ábyrgð rekstraraðila og leikskólustjóra, þar sem sérþekking leikskólustjóra vegur þungt (Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009). Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum gerir ráð fyrir að mat sé fyrst og fremst leið til að styðja við umbætur og faglegt lærdómssamfélag. Það skiptist í annars vegar innra mat á ábyrgð leikskólanna sjálfra og hins vegar ytra mat á ábyrgð sveitarfélaga og ríkis og að samspil sé þarna á milli (Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009). Reglugerðin byggir á trausti þar sem gert er ráð fyrir faglegu sjálfstæði leikskóla, en á sama tíma skýrri ábyrgð gagnvart börnum, foreldrum og skólafirvöldum. Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla kveður á um að stuðningur við börn skuli byggja á snemmtækri íhlutun, heildstæðu mati og samstarfi ólíkra fagstétta, þar sem tekið er mið af þörfum hvers barns og leitast við að samþætta stuðning við daglegt starf leikskóla (Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 444/2019). Með þessum hætti má sjá skýra áherslu á inngildandi starfshætti þar sem aðstæður eru lagaðar að fjölbreyttum þörfum barna. Þá kveður reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga á um að tryggja skuli samfellu í námi og velferð barna með markvissri miðlun upplýsinga sem nýtist til að styðja barnið í nýju skólastigi (Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga nr. 896/2009).

Hugmyndafræði og gildi í leikskólastarfi á Íslandi

Í Aðalnámskrá leikskóla má sjá gildi íslensks skólastarfs, svo sem lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og vellíðan og áhersla er á leik sem meginnámsleið og samþættingu námssviða. Í henni birtist skýr hugmyndafræði um heildstæðan skóladag barna þar sem umönnun, uppeldi og menntun mynda órjúfanlega heild og daglegt starf er skipulagt með samfellu og

flæði í huga (Aðalnámskrá leikskóla, 2011/2023). Dagurinn er því ekki tvískiptur í nám og leik heldur traust lagt á leik sem meginnámsleið barna. Jafnframt á að vera samfella í námi barna milli skólastiga, þannig að reynsla og nám þeirra byggji á fyrri þekkingu. Þessi sýn endurspeglar jafnframt í Menntastefnu ríkisins til ársins 2030 um snemmbæran stuðning, jöfn tækifæri, vellíðan og virka þátttöku barna og sérstaklega á mikilvægi þess að styrkja leikskólastigið sem grunn alls náms (Menntastefna fyrir Ísland til 2030, 2021). Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri leikskóla og er þeim jafnframt ætlað að móta sér skólastefnu sem tekur til leikskólastigsins (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Hafa mörg sveitarfélög þróað metnaðarfullar menntastefnur þar sem leikskólinn er skilgreindur sem lykilaðili í heildstæðu menntakerfi (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030, 2019).

Þá má nefna sjálfræði hvers leikskóla í að móta sér skólanámskrá sem byggir á aðalnámskrá og tekur mið af aðstæðum, gildum og faglegum áherslum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011/2023; Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í henni birtist sú hugmyndafræði sem liggur til grundvallar starfinu og þær leiðir sem farnar eru.

Á síðustu áratugum hefur orðið veruleg aukning á rannsóknum á leikskólastarfi á Íslandi sem hafa verið mikilvægt framlag til þekkingar og þróunar á sviðinu. Rannsóknir hafa meðal annars beinst að hæglæti, réttindum barna, þátttöku þeirra í daglegu starfi, leik, velferð yngstu barnanna, inngildingu, skilum milli skólastiga, faglegri forystu og vinnustaðamenningu. Einkennandi fyrir þessar rannsóknir er sterk tenging milli fræða og vettvangs, þar sem starfsfólk leikskólanna eru virkir þátttakendur í rannsóknum og þekkingarsköpun. Í mörgum tilvikum hafa rannsóknir verið unnar í nánú samstarfi við starfsfólk leikskóla, til dæmis í formi starfendarannsókna og þróunarverkefna, þar sem markmiðið er bæði að dýpka skilning og stuðla að umbótum í starfi (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022). Þessi samvinna hefur skapað frjóan jarðveg fyrir faglega ígrundun og þróun leikskólastarfs, þar sem reynsla og þekking úr daglegu starfi fléttast saman við fræðilega greiningu og nýjar hugmyndir.


Fjölbreyttur barnahópur

Á Íslandi hefur verið almenn þátttaka barna í leikskólum reknunum af sveitarfélögum og þó að sjálfstætt starfandi leikskólar séu hluti af íslenska kerfinu, er hlutfall þeirra tiltölulega lágt eða um 16% (Hagstofa Íslands, 2026) og virðist vera sátt um að leikskólastigið byggji fyrst og fremst á leikskólum reknunum af sveitarfélögum. Sveitarfélög skulu tryggja að þjónusta leikskóla sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna (Lög um leikskóla nr. 90/2009). Eins og fram hefur komið bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla samkvæmt lögum og hefur aðgengi barna að leikskóladvöl ráðist af framboði hverju sinni, en með lögfestingu þessa hlutverks á hvert barn tryggðan rétt til leikskólavalar, til dæmis að

loknu fæðingarorlofi á sama hátt og víða annars staðar á Norðurlöndum (Stjórnarráð Íslands, 2025).


Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur leikskólum fjölgað um þrjá á síðastliðnum 10 árum og hefur sú fjölgun verið á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2026). Börnum á leikskólaaldri á Íslandi fækkaði á árunum 2014-2018 og börnum í leikskólum einnig eða um 1000 börn en fer nú aftur fjölgandi ef litið er til þeirra upplýsinga sem tölur frá Hagstofu Íslands (2026a, 2026b) sýna, sjá *Mynd 1*.

Mynd 1. Fjöldi barna í leikskólum




Rannsóknir og mat á leikskólastarfi sýna að börn upplifa leikskólann sem mikilvægan vettvang félagslegra tengsla og náms. Í leikskólanum eignast börn vini, taka þátt í leik og skapandi starfi og takast á við fjölbreytt viðfangsefni sem styðja við nám þeirra (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008, 2012). Á síðustu árum hefur samsetning barnahópsins tekið breytingum með fjölgun barna með erlent móðurmál (Hagstofa Íslands, 2026c), sjá *Mynd 2* og barna sem þurfa sérhæfðan stuðning (Hagstofa Íslands, 2026d), sjá *Mynd 3* auk þess sem yngstu börnin hafa í auknum mæli fengið aðgang að leikskóla (Hagstofa Íslands, 2026e), sjá *Mynd 4*. Þó benda tölur Hagstofunnar til þess að þátttaka yngstu barna hafi dregist saman á síðustu árum. Brugðist hefur verið við öllum þessum breytingum á barnahópnum með aukinni áherslu á þróunarstarf, rannsóknir og fræðslu til að mæta betur þörfum yngstu barnanna, barna með erlendan bakgrunn og barna sem þurfa sérhæfðan stuðning.


Mynd 2. Börn með erlent móðurmál



Mynd 3. Börn sem nutu sérstaks stuðnings



Mynd 4. Eins árs börn í leikskóla



Starfsfólk leikskóla

Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í leikskólum skulu teljast til stöðugilda kennara samkvæmt lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda (Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019). Leikskólakennarar starfa samkvæmt sameiginlegu leyfisbréfi kennara og þurfa að hafa lokið fimm ára háskólanámi í leikskólakennarafræðum. Þessi menntunarkrafa endurspeglar þá sýn að starf með ungum börnum krefjist sérhæfðrar þekkingar á námi, leik og félagslegum aðstæðum barna.

Kennaranám á leikskólastigi er í boði bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og þar hefur á síðustu árum einnig þróast fjölbreytt leiðakerfi, svo sem fjarnám, raunfærnimat, sem er viðurkenning á þekkingu, færni og reynslu einstaklings sem hann hefur náð með ýmsum hætti í starfi og fagháskólanám, sem er námsleið fyrir þau sem lokið hafa leikskólaliðanámi eða leikskólabrú á framhaldsskólastigi. Nemendum með aðra grunnháskólamenntun en í leikskólakennarafræði hefur fjölgað töluvert í meistaranámi til leikskólakennara.

Fjölgun hefur almennt verið á starfsfólki í leikskólum á síðastliðnum árum eða um 900 manns frá árinu 2014 (Hagstofa Íslands, 2026f), sjá *Töflu 1*. Þá hefur verið fjölgun á starfsfólki með aðra uppeldismenntun og eru þar með taldir kennarar með kennsluréttindi á

öðrum skólastigum en leikskólastiginu sem voru 250 árið 2023. En leikskólakennurum fer fækkandi.

Tafla 1. Starfsfólk í leikskólum

		Alls		
		Alls	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun
2014	Alls	6.019	1.836	950
2020	Alls	6.777	1.628	1.227
2023	Alls	6.963	1.568	1.272

Kjarasamningar tryggja að laun leikskólakennara séu í megindráttum sambærileg við laun annarra kennarastétta, sem endurspeglar mikilvægi starfsins innan menntakerfisins. Jafnframt er gert ráð fyrir skilgreindum undirbúningstíma sem veitir kennurum svigrúm til að skipuleggja, ígrunda og þróa faglegt starf (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022, 2025; Sara Margrét Ólafsdóttir o.fl., 2024) sem er forsenda gæða í leikskólastarfi (kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara 2023–2028). Þá hafa mörg sveitarfélög stutt starfsfólk sitt til náms á vinnutíma og í boði er launað starfsnám á lokaári í námi. Jafnframt eru til staðar ýmis úrræði til að styðja við faglega þróun, svo sem styrkir til endurmenntunar og þátttöku í ráðstefnum, sem gera kennurum kleift að efla þekkingu sína og tengjast fræðasamfélagi og þróunarstarfi. Allir skapa þessir þættir mikilvægan ramma utan um fagmennsku leikskólakennara og styðja við þróun og umbætur í starfi.

Foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í íslensku leikskólastarfi og er litið á það sem forsendu fyrir velferð og námi barna. Starfsfólk leikskóla á í reglulegum og daglegum samskiptum við foreldra, auk þess sem haldnir eru skipulagðir foreldrafundir og fræðsla, sem stuðla að gagnkvæmu trausti, skilningi og samvinnu um uppeldi og menntun barna. Rannsóknir og kannanir benda jafnframt til þess að foreldrar séu almennt ánægðir með leikskólastarf barna sinna og upplifi sig sem virka þátttakendur í því (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, 2020). Leikskólar gegna einnig mikilvægu samfélagslegu hlutverki, þar sem þeir eru oft hjarta hvers hverfis með áherslu á sameiginlega ábyrgð „þorpsins“ á velferð barna.

Stuðningur við barnafjölskyldur

Skýrslan *Brúum umönnunarabilið* sýnir að þrátt fyrir sterka stöðu leikskólans í íslensku samfélagi er enn rof í kerfinu milli fæðingarorlofs og þess að barn kemst í leikskóla (Brúum

umönnunarbilið, 2023). Þetta rof hefur ekki einungis áhrif á börn heldur einnig á fjölskyldur og samfélagið í heild. Í skýrslunni er bent á að lausnin felist ekki eingöngu í fjölgun leikskólaplássna, heldur kalli hún á heildstæða sýn á þjónustu við ung börn, með sérstakri áherslu á samfellu í lífi þeirra og aukinn stuðning við fjölskyldur. Framtíðarsýn á þessu sviði hlýtur því að byggja á því að styrkja leikskólastigið enn frekar, efla mönnun og fagmennsku, og tryggja skýra ábyrgð hins opinbera, þar sem réttur barna til leikskóladvalar að loknu fæðingarorlofi er lykilatriði. Slík þróun krefst sameiginlegrar ábyrgðar, skýrrar stefnumótunar og áframhaldandi samtals milli stjórnvalda, sveitarfélaga og fagstétta.

Að skapa uppbyggilegri umræðu og heildstæðari sýn á leikskólann

Umræða um leikskólamál á Íslandi hefur á síðustu árum verið áberandi í bæði fjölmiðlum og stjórnámálum. Hún einkennist af fjölþættum áskorunum sem snúa að mönnun, skipulagi og hlutverki leikskólans í samfélaginu. Á sama tíma endurspeglar umræðan einnig dýpri spurningar um gildi leikskólastigsins og hvernig best sé að tryggja velferð barna og fjölskyldna til framtíðar. Hér verður fjallað um leikskólamálin út frá umræðunni sem endurspeglast í fjölmiðlum og samfélaginu.

Eitt af því sem hvað skýrast blasir við í umræðunni um leikskólamál er viðvarandi skortur á leikskólakennurum. Vandinn er orðinn svo áberandi að hugtakið „leikskólavandinn“ hefur fest sig í sessi í opinberri umræðu, þar sem ítrekað er fjallað um erfiðleika við að manna stöður og að markmið um hlutfall faglærðs starfsfólks náist ekki. Þetta birtist meðal annars í fyrirsögnum á borð við að „fólki yfir sjötugt verði boðin vinna í leikskólum“ og í umræðu um að kosningaloforð í málaflokknum séu óraunhæf án verulegrar fjölgunar leikskólakennara. Samhliða þessu hefur verið bent á krefjandi starfsaðstæður, þar sem mikið álag, takmarkaður undirbúningstími og hætta á kulnun hafa áhrif á starfsánægju og stöðugleika. Umræðan snýst því ekki aðeins um skort á fólki heldur einnig um hvernig bæta megi starfsumhverfi til að halda í fagfólk.

Þessi staða tengist jafnframt öðrum þáttum, ekki síst dvalartíma barna og skipulagi leikskóladagsins. Umræða um hversu lengi börn dvelja í leikskóla hefur vakið spurningar um líðan þeirra og jafnvægi milli fjölskyldulífs og leikskólalífs. Mikilvægt er þó að hafa í huga að leikskólinn er ekki einungis gæsluúrræði heldur félagslegur vettvangur þar sem börn læra í gegnum leik og samskipti. Fyrirsagnir á borð við „skipulagt leikskólastarf frá níu til þrjú“ geta gefið tilefni til misskilnings, þar sem þær gefa í skyn aðgreiningu milli leiks og náms sem er í andstöðu við aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024). Þar er lögð skýr áhersla á að leikur sé meginuppspretta náms barna á leikskólaaldri og því þarf

umræða um dvalartíma barna í leikskólum að taka mið af samfellu dagsins og velferð þeirra.

Aðgengi að leikskóla er annar lykilþáttur í umræðunni. Fjölgun barna á biðlistum og hið langvarandi bil sem víða myndast milli fæðingarorlofs og leikskólaplássu hefur víðtæk áhrif á fjölskyldur. Í fjölmiðlum hefur ítrekað verið bent á að skortur á samræmdum lausnum og ófullnægjandi lagaumgjörð geri stöðuna flóknari og þar kom fram dæmi um að foreldrar leiti óhefðbundinna leiða, svo sem að ráða sig til starfa í leikskóla til að tryggja barni sínu pláss. Þessi umræða snertir því ekki aðeins skipulag kerfisins heldur einnig rétt barna til menntunar (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013) og möguleika foreldra til að samræma fjölskyldulíf og atvinnu.

Samhliða þessu hefur leikskólinn verið í brennidepli sem vettvangur félagslegs réttlætis, þar sem rætt er um gjaldskrár, gjaldfrjálsa vistun og jöfn tækifæri barna. Slíkar aðgerðir geta styrkt stöðu fjölskyldna og aukið jöfnuð, en jafnframt skapast hættu á nýjum ójöfnuði ef kostnaður færir í auknum mæli yfir á þá sem þurfa lengri vistun. Þá hefur vaxandi fjölbreytileiki samfélagsins kallað á aukna athygli á fjölmenningu, tungumálastuðning og þátttöku allra barna í leikskólasamfélaginu. Fjölda rannsókna hafa verið gerðar innan leikskóla sem styðja við þessa þróun (Anna Magnea Hreinsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2025; Björn R. Egilsson, 2025; Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2024; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020). Þar hafa áskoranir verið skoðaðar innan leikskólanna svo takast megi á við þær af fagmennsku, þar sem áhersla er á að efla víðsýni, þróun í starfi, tryggja hagsmuni barna og fjölskyldna og þátttöku þeirra í leikskólaskólasamfélaginu.

Umræðan nær jafnframt til spurninga um hlutverk leikskólans í samfélaginu: hvort líta eigi á hann fyrst og fremst sem menntastofnun eða þjónustu við fjölskyldur og atvinnulíf. Þessi tvískipta sýn birtist í ólíkum áherslum í stefnumótun og opinberri umræðu. Samkvæmt Lögum um leikskóla nr. 90/2008 er skýrt kveðið á um að leikskólinn sé fyrsta stig menntakerfisins, sem undirstrikar menntunarhlutverk hans og mikilvægi leiks, samskipta og heildstæðs þroska barna. Á sama tíma er litið á leikskólann sem mikilvægt stuðningsúrræði sem gerir foreldrum kleift að taka þátt í atvinnulífi. Þrátt fyrir að lagaraminn mæli skýrt fyrir um stöðu leikskólans sem menntastofnunar virðist sú sýn vera áberandi í fjölmiðlaumfjöllun að meginhlutverk leikskólans sé að gæta barna með foreldrar eru í vinnu og því skipti ekki máli hvort þar starfi leikskólakennarar eða “góðar konur.”

Þegar horft er yfir umræðuna í heild má sjá að hún beinist að stórum hluta að skorti, álagi og biðlistum. Þó sú umfjöllun sé mikilvæg gefur hún aðeins brot af heildarmyndinni. Í leikskólum fer fram öflugt faglegt starf þar sem leikur er meginnámsleið barna og áhersla er lögð á vellíðan þeirra og heildstæðan þroska. Starfsfólk leikskólanna hefur jafnframt sýnt framsækni í að mæta breyttum samfélagsaðstæðum og byggir á sterkum tengslum við

rannsóknir og þróunarstarf. Áskorunin framundan er því að halda áfram að takast á við raunverulegan vanda en jafnframt færa umræðuna nær heildstæðari mynd, þar sem þarfir barna og styrkleikar leikskólastigsins fá aukið vægi og eru nýttir til þess að móta framtíðarsýn.

Framtíð leikskólans: áskoranir, stefnumótun og þróun

Hér hefur verið farið yfir helstu styrkleika leikskólastarfs á Íslandi, en jafnframt þær áskoranir sem kerfið stendur frammi fyrir. Í framhaldinu er mikilvægt að beina sjónum að því hvernig móta megi heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir leikskólann sem menntastofnun. Þótt líklegt sé að víðtæk sátt ríki um að leikskólar eigi að byggja á gæðum og sterkri fagmennsku er ljóst að viðfangsefnið er flóknara en svo að einungis þurfi að efla einstaka þætti. Kjarni vandans felst fremur í kerfislegu ósamræmi: milli metnaðarfullrar stefnu og aðstæðna í daglegu starfi, milli þeirra krafna sem gerðar eru til leikskóla og þeirra skilyrða sem þeim eru búin, og milli ólíkra hugmynda um hlutverk leikskólans sem menntastofnunar annars vegar og þjónustu við fjölskyldur og vinnumarkað hins vegar. Þetta ósamræmi er ekki jaðarvandamál heldur snertir það grunnforsendur kerfisins og kallar á gagnrýna umræðu um hlutverk leikskólans og skýrari stefnumótun um hvernig þróa megi kerfið á markvissan og sjálfbæran hátt.

Draga má fram þrjú lykilsvið þar sem áskoranirnar birtast skýrast. Í fyrsta lagi þarf að huga að mönnun og fagmennsku; ekki aðeins með því að fjölga starfsfólki heldur einnig með því að skapa aðstæður sem gera leikskólakennurum kleift – og eftirsóknarvert – að starfa áfram í leikskólum. Í öðru lagi þarf að tryggja meiri samfellu í lífi barna og fjölskyldna, meðal annars á milli fæðingarorlofs og leikskóla, þar sem núverandi fyrirkomulag endurspeglar skýrt kerfislegt ósamræmi. Í þriðja lagi er brýnt að skerpa framtíðarsýn um hlutverk leikskólans og tryggja raunverulegt samræmi milli stefnu, framkvæmdar og daglegra starfsskilyrða. Lausnir við þessum áskorunum kalla á heildstæða nálgun: skýra og samræmda stefnu, markvissa fjárfestingu í fagmennsku með bættum starfsaðstæðum og sterkari faglegri forystu, og aukna áherslu á að þróa kerfið út frá þörfum barna fremur en skipulagi þess.

Þrátt fyrir þessar áskoranir er mikilvægt að halda fast í þá þætti sem mynda kjarnann í íslensku leikskólastarfi og tryggja að þeir glatist ekki í áframhaldandi þróun. Í fyrsta lagi er það leikurinn sem meginnámsleið ungra barna, sem rannsóknir hafa ítrekað sýnt að er grundvallarþáttur í námi þeirra og þroska (Aðalnámskrá leikskóla, 2011/2023; Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2022). Í öðru lagi er áherslan á vellíðan og réttindi barna,

þar með talið lýðræði og þátttöku þeirra í daglegu starfi (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Stjórnarráð Íslands, e.d.). Í þriðja lagi má nefna aukna tengingu milli rannsókna og vettvangs, meðal annars í gegnum starfendarannsóknir sem stuðla að þekkingarsköpun innan leikskóla (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022). Í fjórða lagi eru fagmennska og gæði lykilatriði, þar sem menntun starfsfólks gegnir lykilhlutverki. Í því samhengi er mikilvægt að viðhalda þeim metnaði sem hefur einkennt menntun leikskólakennara, enda benda rannsóknir til sterkra tengsla milli menntunar, fagmennsku og gæða í starfi (OECD, 2017, 2018; UNESCO, 2015, 2022).

Auk þess er mikilvægt að beina sjónum að orðræðu um leikskólastarf. Umræðan hefur að stórum hluta einkennt af áherslu á skort og álag, sem getur dregið upp einhliða og takmarkaða mynd af starfinu. Til að styrkja fagið og laða að nýtt starfsfólk er nauðsynlegt að jafna þessa mynd með því að draga jafnframt fram gæði, fagmennsku og þau tækifæri sem felast í starfinu. Orðræða mótar ekki einungis viðhorf heldur hefur raunveruleg áhrif á þróun kerfisins, stefnumótun og aðdráttarafl starfsins.

Í ljósi þess vakna mikilvægar spurningar sem kalla á frekari umræðu og rannsóknir: Hvernig má brúa bilið milli stefnumótunar og daglegs leikskólastarfs? Er nægilegt að fjölga plássum eða þarf að endurhugsa kerfið í heild? Hvernig er hægt að tryggja gæði og fagmennsku samhliða því að bregðast við mönnunarvanda? Og hvernig má gera leikskólann að eftirsóknarverðum vinnustað, bæði fyrir þau sem starfa þar nú þegar og fyrir ungt fólk sem leitar að áhugaverðu námi sem undirbýr það undir mikilvægt starf?

Að lokum stendur eftir ein grundvallarspurning sem snertir bæði stefnumótun og samfélagslega sýn: Fyrir hvern er leikskólinn?



Ljósmynd: Anna Magnea Hreinsdóttir.

Greinin byggir á erindum höfunda á málþinginu [Bara pláss? Fagmennska og gæði leikskólastarfs](#) sem haldið var á vegum Háskóla Íslands í Eddu þann 20. apríl 2026.

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). Af því að við erum börn. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49-74). RannUng og Háskólaútgáfan.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75-98). RannUng og Háskólaútgáfan).

Anna Magnea Hreinsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2025). *Leikskóli fyrir öll börn: Valdefling foreldra og deildarstjóra*. Netla - veftímarit um uppeldi og menntun.

<https://ejournals.is/index.php/netla/article/view/4214/2814>

Anna Magnea Hreinsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2022). Áhrif undirbúningstíma á fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólastarfs. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*.

<https://doi.org/10.24270/netla.2022.10>

Anna Magnea Hreinsdóttir, Sara M. Ólafsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir. (2025). Sýn deildarstjóra á góðan undirbúningstíma í leikskólum. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2025/19>

Björn R. Egilsson. (2025). Educators' perspectives on parental belonging in preschool communities. *European Early Childhood Education Research Journal*, 33(1), 96-109.

<https://doi.org/10.1080/1350293X.2024.2334310>

European Commission / EACEA / Eurydice. (2025). *Key data on early childhood education and care in Europe - 2025*. Eurydice report. Publications Office of the European Union.

<https://eurydice.eacea.ec.europa.eu/publications/key-data-early-childhood-education-and-care-europe-2025>

Fríða Bjarney Jónsdóttir. (2024). Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings. Í Jóhanna Einarsdóttir og Björn R. Egilsson, *Með nesti og nýja skó: Greinar um tengsl leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila* (bls. 221-248). Háskólaútgáfan og RannUng.

Hagstofa Íslands. (2026). *Leikskólar, fjöldi barna og barngildi eftir rekstraraðilum 1998-2024*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__2_lsSkolahald/SKO01201.px/

Hagstofa Íslands. (2026a). *Fjöldi barna á Íslandi*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/

Hagstofa Íslands. (2026b). *Börn og leikskólar í desember 1998-2024*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01000.px/

Hagstofa Íslands. (2026c). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998-2024*.

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01103.px/

Hagstofa Íslands. (2026d). *Börn í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings 1998- 2024.*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01105.px/

Hagstofa Íslands. (2026e). *Börn í leikskólum eftir kyni, aldri, landsvæðum og lengd viðveru 1998-2024.*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_lsNemendur/SKO01102.px/

Hagstofa Íslands. (2026f). *Starfsfólk í leikskólum eftir aldri, menntun og landsvæðum 1998-2023.*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__1_lsStarfsfolk/SKO01301.px/

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Starfendarannsókn til starfsþróunar leikskólakennara: Ávinningur og áskoranir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 31(2), 65-86.

<https://doi.org/10.24270/tuum.2022.31.9>

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. *Uppeldi og menntun*, 19(1-2), 9-30. <https://timarit.is/page/5283263#page/n8/mode/2up>

Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólastefna. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.6>

Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 2020, 113-131.

<https://doi.org/10.24270/tuum.2020.29.6>

Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara 2023-2028.

Kristín Karlsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2022). Gildi leiks í námi leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 189-214). Háskólaútgáfan og RannUng.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022). *Menntastefna til ársins 2030*.

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/>

Reykjavíkurborg. (2019). *Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast*.

<https://menntastefna.is/>

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.). *Aðalnámskrá leikskóla*.

<https://www.adalnamskra.is/leikskoli>

OECD. (2018). *Engaging young children: Lessons from research about quality in early childhood education and care*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/9789264085145-en>

OECD. (2017). *Starting strong 2017: Key OECD indicators on early childhood education and care*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/9789264276116-en>

OECD. (2025). *Education at a glance 2025: OECD indicators*. OECD Publishing.

https://www.oecd.org/en/publications/2025/09/education-at-a-glance-2025_c58fc9ae.html

OECD. (2025a). *Quality Early Childhood Education: The Key to Prosperity and Well-Being*.

International Summit on the Teaching Profession, OECD Publishing. Paris,

<https://doi.org/10.1787/cd5ca149-en>.

Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 444/2019.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli skólastiga nr. 896/2009.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

UNESCO. (2015). *Rethinking education: Towards a global common good?* UNESCO Publishing. [Rethinking education: towards a global common good?; 2015](#)

UNESCO. (2022). *Right to pre-primary education: A global study*. UNESCO Publishing.
<https://doi.org/10.54675/NWYU4732>

Sara M. Ólafsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2024). Undirbúningstími í leikskólum: Hagur barna. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2024/3>

Stjórnarráð Íslands. (2025). *Brúum umönnunarbilið. Skýrsla og tillögur aðgerðahóps*.
<https://www.stjornarradid.is/library/01-Frettatengt—myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Skyrsla%20a%20ger%20ahops%20um%20bruun%20umonnunarbilsins.pdf>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*.
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/barnasattmalinn>

Um höfunda

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh(hja)hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún var leikskólastjóri til margra ára, leikskólafulltrúi og fræðslustjóri. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og veitt skólum ráðgjöf. Rannsóknir hennar tengjast forystu og stjórnun, námskráargerð og innra mati leikskóla með áherslu á lýðræðislega starfshætti. Þá hefur hún lagt áherslu á sjónarmið og þátttöku barna í rannsóknum sínum. Hún er formaður Félags um menntarannsóknir. <https://orcid.org/0000-0003-4923-3879>

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir (ios(hja)hi.is) er dósent í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa beinst að leik, starfsháttum og fagmennsku leikskólakennara, starfsþróun þeirra og starfendarannsóknnum. Hún hefur tekið þátt í fjölda innlendra og alþjóðlegra rannsóknarverkefna á sviði leikskólastarfs, í samstarfi við leikskólakennara og aðra fræðimenn. Sjá einnig hér:
<https://orcid.org/0000-0002-1426-5179>

Sara Margrét Ólafsdóttir (saraola(hja)hi.is) er dósent í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem hún hefur jafnframt umsjón með námsleiðinni leikskólakennarafræði. Auk þess er hún forstöðumaður RannUng, Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna. Sara Margrét hefur tekið þátt í bæði innlendu og erlendu

rannsóknarsamstarfi og sinnir einnig verkefnum við Háskólann í Færeyjum. Megináherslur í rannsóknum hennar hafa verið sjónarmið barna gagnvart hinum ýmsu viðfangsefnum, m.a. leik, skilum milli leik- og grunnskóla, vellíðan barna, réttindum barna og fullgildi.

<https://orcid.org/0000-0001-9473-0423>

SKÓLAÞRÆÐIR

TÍMABIT SAMTARA ARDAGAFÓLKS OG SKÓLAÞRÆÐIR

Grein birt 2. maí 2026